

Byggingar- og skipulagsnefnd Suður-Þingeyinga.

FUNDARGERÐ

1. fundur

Fundur var haldinn í Byggingar- og skipulagsnefnd Suður-Þingeyinga mánudaginn 3. júlí árið 2006. Fundurinn fór fram á hreppsskrifstofu Þingeyjarsveitar í Kjarna, Laugum og hófst fundur kl. 13⁰⁰.

Neðanritaðir voru mættir og þetta gerðist:

1. Byggingarnefnd skiptir með sér störfum

Byggingarnefnd kýs Jóhannes Steingrímsson sem formann nefndarinnar. Ritari er kosinn Eiður Árnason og Jónas Reynir Helgason sem vararitari. Varaformaður er kosinn Kristján Snæbjörnsson.

2. Erindi frá Yngva Ragnari Kristjánssyni, Skútustöðum, Skútustaðahreppi

Óskað er eftir byggingarleyfi fyrir sólskála við íbúð á jarðhæð í húsnæði hans að Skútustöðum. Byggingin er úr timbri 47,6 m² að grunnfleti. Teikningar eru unnar af Yngva Ragnari Kristjánssyni. Samþykki landeigenda og nágretta liggur fyrir. *Byggingarnefnd samþykkir erindið.*

3. Erindi frá Elínu Steingrímsdóttur f.h. verslunar Samkaupa Strax, Hraunvegi 10

Óskað er eftir stöðuleyfi til fimm ára fyrir tvo 20 feta gáma á lóð verslunarinnar að Hraunvegi 10, Skútustaðahreppi.

Byggingarnefnd samþykkir stöðuleyfi til þriggja ára en bendir á að æskilegra er að lagerpláss verslunar sé varanleg bygging.

4. Erindi frá Eiði Guðmundssyni f.h. Grænna lausna ehf. Skútustaðahreppi

Óskað er eftir leyfi til innri breytinga í iðnaðarhúsnæði í Bjarnarflagi og breyttrar starfsemi í því þar sem framleiða á vörubretti úr endurunnum pappír.

Byggingarnefnd samþykkir erindið.

5. Erindi frá Ólafi H. Baldvinssyni, Hlíðargötu 4, Akureyri

Óskað er eftir byggingarleyfi fyrir einbýlishús á lóð úr landi Sólvangs, Þingeyjarsveit. Húsið er úr timbri 154.3 m² að grunnfleti. Teikningar eru unnar af Ólafi H. Baldvinssyni.

Byggingarnefnd samþykkir erindið en með fyrirvara um að lóðin verði tekin úr landbúnaðarnotum og að samþykki Skipulagsstofnunar liggja fyrir skv. 3. tölulíð ákvæða til bráðabirgða Skipulags og byggingarlaga.

6. Erindi frá Baldri Hólm og Oddnýju J. Zophoniasdóttur, Seljahlíð 13c, Akureyri

Óskað er eftir byggingarleyfi fyrir frístundahús á lóð nr. 1 úr landi Skóga, Þingeyjarsveit. Húsið er timburhús á steiptum kjallara samtals 91,4 m² að stærð. Teikningar eru unnar af Árna Gunnari Kristjánssyni.

Byggingarnefnd samþykkir erindið.

7. Erindi frá Tómasi Lárusi Vilbergssyni, Akurgerði 7b, Akureyri

Óskað er eftir leyfi til að breyta áður samþykktum teikningum af frístundahúsi hans á lóð B13 í Lundsskógi, Þingeyjarsveit. Breytingin felst í að lengja húsið um hálfan metra.

Byggingarnefnd samþykkir erindið.

Byggingar- og skipulagsnefnd Suður-Þingeyinga.

8. Erindi frá Jörundi S. Torfasyni, Einholti 16f, Akurevri

Óskað er eftir byggingarleyfi fyrir frístundahús á lóð E07 í Lundsskógi, Þingeyjarsveit. Húsið er timburhús það sem áður hýsti Goðafossmarkað að Fosshóli.
Byggingarnefnd samþykkir erindið.

9. Erindi frá Medullu ehf. Akurevri

Óskað er eftir byggingarleyfi fyrir frístundahús á lóð E19 í Lundsskógi, Þingeyjarsveit. Húsið er bjálkahús 122,6 m² að grunnfleti. Teikningar eru unnar af Árna Gunnari Kristjánssyni.

Byggingin er yfir leyfilegum stærðarmörkum skv. gildandi deiliskipulagi og því frestar byggingarnefnd afgreiðslu þar til nýtt deiliskipulag sem nú er í kynningu tekur gildi.

10. Erindi frá Þresti Sigurðssyni og Guðnýju Andradóttur, Bakkahlíð 14, Akurevri

Óskað er eftir byggingarleyfi fyrir frístundahús á lóð E04 í Lundsskógi, Þingeyjarsveit. Húsið er úr timbri á steiptum kjallara, 108,3 m² að grunnfleti. Teikningar eru unnar af Þresti Sigurðssyni á teikni- og verkfræðistofunni Opus. Erindið var áður tekið fyrir á síðasta fundi 26. apríl s.l. og þá hafnað þar sem deiliskipulag gerði ekki ráð fyrir stærri húsum en 100 m².

Byggingin er yfir leyfilegum stærðarmörkum skv. gildandi deiliskipulagi og því frestar byggingarnefnd afgreiðslu þar til nýtt deiliskipulag sem nú er í kynningu tekur gildi.

11. Erindi frá Þingeyjarsveit

Óskað er eftir umsögn byggingarnefndar um umsóknir eftirtalinna um leyfi til vínveitinga.

- i) Huldu Elínar Skarphéðinsdóttur f.h. Goðafossveitinga ehf. að Fosshóli.
- ii) Gunnars N. Ellertssonar f.h. Laugabæjar, Laugum.

Byggingarnefnd veitir jákvæða umsögn um erindið.

12. Erindi frá Katli Indriðasyni, Ytra-Fjalli, Aðaldælahreppi

Ósk um byggingarleyfi fyrir einbýlishús.

Byggingarnefnd frestar afgreiðslu þar til teikningar liggja fyrir.

13. Erindi frá Davíð Herbertssyni, Hrísgarði, Þingeyjarsveit

Ósk um byggingarleyfi fyrir einbýlishús.

Byggingarnefnd frestar afgreiðslu þar til teikningar liggja fyrir.

14. Erindi frá Böðvari Péturssyni, Baldursheimi, Skútustaðahreppi

Óskað er eftir byggingarleyfi fyrir íbúðarhús að Baldursheimi, Skútustaðahreppi. Húsið er timbureiningahús 190,4 m² auk 30,4 m² bílskúrs og 7,9 m² geymslu. Teikningar eru unnar af Kjartani Sigurðssyni hjá Kastor.

Byggingarnefnd samþykkir erindið.

15. Erindi frá Benedikt Sigurðssyni kt. 200852-3549

Óskað er eftir byggingarleyfi fyrir sumarhús í landi Barnafells í Þingeyjarsveit. Húsið er timburhús 50,2 m². Teikningar eru unnar af ABS teiknistofu. Samþykki meðeiganda jarðarinnar liggur fyrir.

Byggingarnefnd samþykkir erindið.

16. Erindi frá Gísla Sverrissyni f.h. Hlíðar ferðabjónustu ehf. í Mývatnssveit

Óskað er eftir byggingarleyfi fyrir smáhýsi nr.1-2006 að grunnfleti 14,75 m². Húsið er bjálkahús innflutt frá Eistlandi og verður staðsett á tjaldsvæðinu hjá Hlíð við flugvöllinn í Mývatnssveit. Teikningar unnar af Gísla Sverrissyni.

Byggingarnefnd getur ekki veitt byggingarleyfi nema fyrir liggja samþykkt deiliskipulag af svæðinu.

Byggingar- og skipulagsnefnd Suður-Þingeyinga.

Fleira ekki bókað og fundi slitið kl. 15¹⁵

Jónas Reynir Helgason
Kristján Snæbjörnsson
Jónas Jónasson
Kolbeinn Kjartansson
Jóhannes Steingrímsson
Vigfús Sigurðsson byggingarfulltrúi